

Gjaldskrá

Vatnsveitu Flóahrepps

1. gr.

Gjaldskylda

Sveitarstjórn Flóahrepps fer með stjórn Vatnsveitu Flóahrepps og innheimtir gjald fyrir lagningu heimæðar skv. 5. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004. Einnig er innheimt vatnsgjald og notkunargjald skv. 6. og 7. gr. laganna.

2. gr.

Heimæðargjald vatnsveitu

Hver sá sem óskar eftir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps skal sækja um það skriflega.

Heimæðargjald felur í sér stofngjald og tengigjald í samræmi við grein þessa.

Stofngjöld í dreifbýli skal reikna sérstaklega í hverju tilviki og skulu þau fela í sér allan kostnað sem til fellur vegna lagningar heimæðarinnar.

Tæknisvið sveitarfélagsins reiknar kostnaðinn við hverja tengingu fyrir sig og miðast stofn- og tengigjald hvernar eignar við raunkostnað vegna lagningar heimæðar og tengingar. Áætlað tengigjald skal greiða fyrirfram áður en framkvæmdir hefjast.

Heimilt er að skipta greiðslum heimæðargjalda í þrennt en greiðslum skal vera lokið fyrir tengingu við Vatnsveitu Flóahrepps. Að verki loknu er gerður samamburður á áætlun og raunkostnaði og hver tenging gerð upp samkvæmt því.

Skilyrt er að lagning heimæðar og tenging við hús sé framkvæmd af starfsmanni Vatnsveitu Flóahrepps.

Þar sem leggja þarf heimæð undir veg fellur allur kostnaður vegna þess á viðkomandi vatnstengingu.

3. gr.

Vatnsgjald

Árlega skal greiða vatnsgjald af öllum fasteignum í sveitarfélaginu sem tengdar hafa verið vatnsveitu sveitarfélagsins. Álagningarstofn gjaldsins skal vera 0,2% af fasteignamati eignar.

Lágmarksálagning er 19.800 kr. og hámarksálagning er 39.000 kr. á íbúðarhús. Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 33.000.

Gjalddagar vatnsgjalds eru hinir sömu og eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu fasteignagjalda.

4. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds. Gjöldin njóta lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum í næstu tvö ár á eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim sem vanrækja að greiða notkunargjald að undangenginni skriflegri aðvörun.

5. gr.

Gjaldskrá þessi tekur breytingum 1. janúar ár hvert, skv. byggingarvísitölu útgefinni af Hagstofu Íslands.

*6. gr.
Gildistaka*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps skv. 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 breytt í apríl 2016, og tekur gildi 1. janúar 2017.
Eldri gjaldskrá nr. 405/2012 fellur úr gildi við gildistöku þessarar gjaldskrár.

Flóahreppi 11.01.2017

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri